

Skipulagsstofnun

b.t. Jón Ágúst Jónsson

Mál nr. 916/2020

Reykjavík 26.08.2025

Vindorkuver að Hróðnýjarstöðum – mat á umhverfisáhrifum

Inngangur

Landvernd hefur áður sent inn athugasemdir á fyrri stigum áætlunar um vindorkuver að Hróðnýjarstöðum. Umhverfismatsskýrslan er umfangsmikil og gefur mjög neikvæða mynd af hugmyndinni um vindorkuver á þessum stað. Að mati Landverndar er neikvæðu þættir matsins ekki dregnir fram en farið fram með réttlætingum sem ekki eiga við rök að styðjast, þar á meðal að umhverfisáhrif vindorkuversins séu óveruleg og að áhrif á samfélag og ferðaþjónustu verði jákvæð. Landvernd sendi inn umsögn um breytingar á aðalskipulagi Dalabyggðar vegna áformaðra vindorkuvera (dags. 20. janúar 2021). Innviðaráðherra hafnaði því að breyta megir aðalskipulagi vegna vindorkuvera sem ekki eru í nýtingarflokki rammaáætlunar og því ætti öll umfjöllun um vindorkuver að hverfa úr tillögu um breytt aðalskipulag.

Rammaáætlun

Landvernd lýsir undrun yfir að StormOrka skuli ætla að halda sig við að senda ekki verkefnið inn til umfjöllunar hjá verkefnisstjórn og faghópum rammaáætlunar. Í kaflanum um rammaáætlun sem er að finna í umhverfismatsskýrslu hlýtur viðhorf fyrirtækisins að teljast afar sérstakt og má þar nefna að „Við þetta bætist að rammaáætlun stuðlar ekki að sjálfbærri þróun eins og henni er ætlað að gera“ Þessi staðhæfing er á skjön við yfirlýst markmið stjórnvalda með upptöku á stjórnkerfi rammaáætlunar. Þá segir „Samfélagslega eru lög um rammaáætlun afar neikvæð.“ Hér er erfitt að gera sér grein fyrir hvað StormOrka er að fara því nú taka faghópar einmitt mið af mögulegum samfélagslegum áhrifum. Þá segir „Lögin bæta engu við lög um umhverfismat.“ Hér er um misskilning að ræða hjá StormOrku því faghópar og verkefnisstjórn meta margvísleg áhrif auk þess sem verkefnisstjórn með rammaáætlun er ætlað að hafa heildarsýn sem felst meðal annars í að meta samlegðaráhrif milli hugmynda og áhrifa þeirra og á landsvísu. Sjálfstætt umhverfismat sem hvert fyrirtæki þarf að láta vinna tekur ekki á þessum grundvallarþáttum sem verkefnisstjórn með rammaáætlun er gert að halda sérstaklega utan um og gera tillögur á grunni faglegrar niðurstöðu.

Þá segir í sama kafla „Þá eru lögin á gráu svæði þegar kemur að stjórnarskrárbundnum rétti sveitarfélaga til að fara með sín mál, rétti borgara til að velja sér atvinnu og fara með yfirráð yfir eignum sínum.“ Hér er sömuleiðis um misskilning að ræða af hálfu StormOrku um tilgang þess að stjórnþækið rammaáætlun var einmitt tekið upp til að koma á amk lágmarksstjórnun á verndar- og orkunýtingu í landinu þannig að hægt væri t.d. að byggja upp skynsamlegt jafnvægi milli svæða hvað verndar- og orkunýtingu varðar. Svo virðist hins vegar sem að StormOrka sé þeirrar skoðunar að það eigi engin heildarsýn, stefna eða stjórnþæki að vera eða yfirsýn á nýtingu umhverfis og orkuauðlinda í landinu. Í sömu málsgrein er vísað til stjórnarskrárbundins réttar sveitarfélaga og einstaklinga til að ráða för um að mega gera það sem þeim sýnist á grunni athafnafrelsis og eignarréttar ef lesa má rétt út úr þessari málsgrein.

Það lýsir skilningsleysi framkvæmdaaðila að halda því fram að það sé verið að skerða athafnafrelsi þeirra til að fara með ráðstöfun eignar sinnar án þess að aðrir eigi að hafa á því skoðun þegar

stórtækar framkvæmdir hafa verið settar á svið. Framkvæmdaðili StormOrku virðist ekki gera sér grein fyrir að risavaxið vindorkuver á hvað mest áberandi í sveitarfélaginu mun gnæfa yfir heilt samfélag og ekki síst nánasta nærsvæði íbúa sem hafa mótmælt áformunum um áraraðir, að það kunni að hafa víðtæk áhrif langt út fyrir hið eiginlega eignarland. Þessi framkvæmd getur ekki verið privatmál, heldur kann hún að hafa veruleg og óafturkræf neikvæð áhrif á fjölmarga þætti er varða samfélag, lífríki, náttúru almennt, ferðamennsku og efnahag svo eitthvað sé nefnt. Landvernd átelur sérstaklega þetta viðhorf landeigenda enda þarf ekki að leita langt á erlendum vettvangi þar sem eitt og sér má nefna að á nærsvæði slíkra vindorkuverkefna hefur sér í lagi nærsamfélagið beðið tjón af sínum hagsmunum m.a. lækkun fasteignaverðs, svo ekki sé talað um gerbreytingu á náttúru og umhverfi svæða sem vindorkan gjörbreytir oft þannig að ásýnd lands og landslagsheildir tapast með tilheyrandi niðurbroti á líðan íbúa sem vilja njóta náttúrunnar.

Landvernd gerir þessum kafla sérstök skil hér í umsögn þar sem ekkert annað orkufyrirtæki hefur lýst svo ítarlega andstöðu við hið lýðræðislega stjórnþæki sem rammaáætlun er. Landvernd lýsir furðu á framsetningu fyrirtækisins, sem getur ekki annað en stórlega veikt málstað þess gagnvart eigin áformum. En síðasta tilvitnun í niðurlagi kaflans má segja að efnið rammi inn algjört skilningsleysi fyrirtækisins á tilurð og tilgangi stjórnþækisins rammaáætlunar. *“Um þetta mál má fjalla í löngu máli en þau atriði sem hér hafa verið reifuð eru nóg til að sýna fram á að vindorkuver heyra ekki undir rammaáætlun og það er engin samfélagslegur ábati sem mælir með því að þau geri það. Þvert á móti er ljóst að heildaráhrif þess að setja vindorku undir rammaáætlun – kæmi til þess að það yrði gert - hefði neikvæðar samfélagslegar afleiðingar.”* Við þessu er að segja að þó að á alþingi hefur verið ríkur meirihluti fyrir því allt frá upphafi vindorkuumræðu að hún skuli lúta lögum um rammaáætlun. Það verður því ekki betur séð en að fyrirtækið StormOrka sé að skrifa sig út með þessum kafla í umhverfismatsskýrslunni.

Vatnshlot

Landvernd gerir alvarlegar athugasemdir við að fyrirtækið hyggist ekki láta fara fram rannsóknir á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlot fyrr en að framkvæmdaleyfi liggi fyrir. Þessi þáttur máls, sem hefur verið lögð sérstaklega rík áhersla á af hálfu stofnanna sem fara með málið, getur ekki samræmst þeirri rannsóknarskyldu sem ber að vinna samhliða áætlunargerð sem þessari. Skipulagsstofnun hlýtur því að gera kröfu um að StormOrku verði gert að framkvæmda tilhlýðilegar rannsóknir varðandi vatnshlot áður en lengra er gengið enda er um lífríkt vatnasvæði að ræða á áformuðu framkvæmdasvæði og áhrifin þess eðlis að leggja verður mat á þennan mikilvæga umhverfisþátt.

Áætlaðar mótvægisáðgerðir í þessum efnum eru því miður ekki trúverðugar og munu litlu eða engu skila en hér má sjá tilvitnun sem Landvernd trúir ekki að standist skoðun. *“Áætlanir StormOrku gera ráð fyrir að lagt verði mat á áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot þegar leyfi liggja fyrir. Þá verður gerð rannsókn á grunnástandi m.a. m.t.t. magns og rennslis sem og lífríkis og efnafræðilegrar stöðu. Þegar hefur verið tekið tillit til votlendis við hönnun garðsins en leiði ofangreind grunnástandsrannsókn eitthvað óvænt í ljós sem hægt er að bæta með bættri hönnun verður hún endurskoðuð í ljósi þess.”*

Líffræðileg fjölbreytni

Athygli vekur að þrátt fyrir að Landskipulagsstefna geri ráð fyrir að við umfjöllun stærri verkefna skuli fjalla um líffræðilega fjölbreytni þá finnst engin sérstök umfjöllun um það í umhverfismatsskýrslu. Því til viðbótar má fyrirtækinu vera ljóst að unnið er að innleiðingu stefnunnar um líffræðilega fjölbreytni og framkvæmdir á stórskala upp á heiðarlendum landsins sem fyrirtækið hyggst breyta í iðnaðarsvæði með gríðarlegu raski á viðkvæmum svæðum sem varða einmitt margvíslegt lífríki ætti að vera til umfjöllunar með sértækum hætti í umhverfismatsskýrslu þessari. Í þessu sambandi má benda bæði á áhrif á vistgerðir, rof á vatnasviðum og truflun og skaða á fuglalífi. Landvernd fer því

fram á við skipulagsstofnun að hún geri kröfu á fyrirtækið um að fjalla með sértækum hætti um líffræðilega fjölbreytni og möguleg áhrif framkvæmda á lífríki og vistkerfi allt. Í umfjöllun í öðrum kafla 6.11.3.1. kemur þó orðið líffræðileg fjölbreytni fyrir sem ber ekki með sér að fyrirtækið taki þau alvarlegu áhrif sem þetta varðar alvarlega sbr. „Óbein áhrif geta t.d. orðið vegna uppbrots stórra lítt raskaðra eininga í fleiri og minni, sem getur minnkað burð þeirra

til að fóstta líffræðilegan fjölbreytileika, eða vegna breytinga á jarðvegseiginleikum, s.s. samþjöppun í kjölfar umferðar þungra vinnuvéla, og vænta má að þau áhrif séu jafnan meiri í votlendi en í þurrlendi. Með tilliti til þess að rasksvæði er að mestum hluta á þurrlendi voru óbein áhrif metin nokkuð lítil. Varanleiki rasks yrði mikill á mannvirkjasvæðum en minni á öðrum rasksvæðum og var því metinn miðlungs”

Landvernd vill gjalda varhug við stórkostlegu vanmati á áhrifum þeirra svæða sem verða fyrir raski þar sem að í of mörgum tilfellum hafa vindorkufyrirtæki farið fram með orðræðu um að hægt sé að endurheimta röskuð svæði nær því að fullu leyti. Svo því sé haldið til haga þá standast þessi viðhorf vindorkugeirans enga skoðun enda hefur hvergi verið sýnt fram á að óafturkræfar framkvæmdir með gríðarlegu inngripi með rofi á vistkerfum og landslagi og þar með talið skemmdum á jarðminjum. Þetta fær engan hátt staðist skoðun frekar en það miðlungsmat á raski sem sett er fram í skýrslunni.

Fuglalíf

Landvernd vill minna á í þessum kafla að umhverfismatsskýrsla hefur ekki verið uppfærð með tilliti til þess að tveimur mikilvægum ábyrgðartegundum fugla á Íslandi hefur verið bætt á válista en þar er um heiðlóu og spóa að ræða en ljóst er að þessar tegundir eru jafnhliða í umtalsverðri hættu hvað varðar árekstur við vindorkuver. Stofn heiðlóu og spóa hefur átt undir högg að sækja sem er ástæða þess að þessar tegundir voru settar á válista en engir farfuglar hafa í raun hærra hlutfall tegunda sem hafa viðkomu hér á landi eða milli 30 – 50% af heimsstofninum. Þá vill Landvernd síðast en ekki síst gera alvarlegar athugasemdir við alla umfjöllun um haförninn og hvernig staðið hefur verið að mati á flugi hans yfir viðkomandi framkvæmdasvæði. Gera verður betur grein fyrir því að fuglar með senda eru ungfuglar og þeir eru aðeins hluti af stofninum. Umfjöllun um ferðir fullorðinna hafarna og samspil þeirra við ungfugla vantar, auk þess sem vitað er um hreiður hafarna á nærsvæði þessa vindorkuvers á Hróðnýjarstöðum. Það er einnig vandkvæðum bundið að reiða sig á senditæki sem sett eru á hafarnarunga þar sem komið hefur í ljós að ferðir þeirra falla niður stóran hluta úr ári vegna rafmagnsleysis úr sendum sem eru með sólarorku. Þetta skýrir meðal annars niðurstöðu þess að ferðir unganna eru mun sýnilegri og fleiri við sjávarsíðuna kringum Breiðafjörðinn og Hvammsfjörð þar sem sólar- og hitastig er meira og sendar eru virkari og senda frá sér með meiri tíðni en upp til heiða. Nágrannar við Hróðnýjarstaði bera vitni um mun meiri umferð fullorðinna hafarna en mælingar gefa í skyn og einnig ungarna. Landvernd telur sig ekki þurfa að minna Skipulagsstofnun á hvers konar ógn stafar af öllum þeim vindorkuáformum á þessu nærsvæði búsvæðis hafarnar sem er sannarlega hæst skrifaður á válista okkar. Þá vill Landvernd gera þá kröfu að við áform um vindorkuver og gerð umhverfismatsskýrslu verði viðkomandi vindorkufyrirtækjum, og þar með talið StormOrku, gert að láta meta möguleg samlegðaráhrif við önnur áformuð vindorkufyrirtæki sem sett hafa risavaxin áform á svæðið. Má þar nefna Laxárdalsheiði, Hrútavirkjun, Garpsdal og öll önnur áformuð svæði sem telja má innan farleiðar hafarnar á svæðinu. Ránfuglar, og þar með talið haförn, eru í sérstakri hættu sem lýst hefur verið hvað varðar vindorkuver þar sem þeir eru forvitnir, í annan stað horfa þeir meira niður og þá eftir bráð heldur en aðrar fuglategundir og fyrir vikið er árekstarhætta margföld. Þá skal minnst á aðrar viðkvæmar tegundir eins og himbrima sem er þekktur á þeim vötnum sem vindorkuver á Hróðnýjarstöðum er ætlaður staður.

Lokaorð samantekt

Þegar horft er til þeirra áætlana og gagna sem hér liggja frammi hefur Landvernd sleppt margvíslegum atriðum sem hefði mátt koma nánar inn á, má þar gagnrýna meintan loftslagsávinning



og að um „grænan“ virkjunarkost sé að ræða. Það er forskeyti sem vindorkuiðnaðurinn sjálfur hefur fundið upp og stenst enga skoðun og allra síst í íslensku raforkuumhverfi. Mjög margt gagnrýnivert er við áætlanir um flutning íhluta á staðinn og hvernig verður staðið að því með tilheyrandi truflun á umferð og mögulegum skemmdum á þjóðvegakerfi landsins þar sem þarf að fara fram miklu ítarlegri úttekt en kemur fram í umhverfismatsskýrslu. Hver ber kostnað af skemmdum og breytingum á stofnvegakerfi vegna flutninga liggja ekki skýr svör við heldur. Þá vantar umfjöllun um hvar fyrirtækið hyggt sækja jafnvægisorku ásamt því að skýra út með beinum hætti í hvað raforkan á að fara til að mæta svokölluðum orkuskiptum. Ekkert haldbært er að finna í þessum efnum sem hægt er að fá úr skorið og væntir Landvernd að skipulagsstofnun muni fylgja eftir í áliti sínu.

Það er niðurstaða Landverndar að verkefni þetta eigi að afskrifa strax í ljósi neikvæðra áhrifa á náttúru og samfélag, auk þess verður að átelja viðhorf fyrirtækisins til rammaáætlunar eins og henni er ætlað að mæta og leita amk lágmarkssátta um framtíðarfyrirkomulag um mat á verndar- og orkunýtingarstefnu á Íslandi. Landvernd leggst gegn öllum áformum um að vindorka verði undanskilin rammaáætlun og hún verði aldrei tekin úr sambandi fyrr en annað stjórnntæki verði fundið í staðinn. Stjórnleysi í orkumálum má ekki leiða til þess að náttúran standi eftir varnarlaus gegn órökstuddum þrýstingi á frekari orkuöflun í landi sem er yfirfullt af raforku sem þarf að nýta með ábyrgari hætti en gert hefur verið.

Með vinsemd og virðingu, fh. stjórnar Landverndar

Þorgerður María Þorbjarnardóttir formaður